



Eitt verka Fríðu sem sýnd eru í Stöðlakoti.

Myndverk og þvíð verk

Í dag opnar Fríða S. Kristinsdóttir sýningu í Stöðlakoti, Bókhöfustig 6, Reykjavík. Á sýningunni eru myndverk og þvíð verk úr vír, pappír, roði og hör ofin með tvöföldum vefnaði. Fríða er mynd- og handmenntakennari við Handíðabraut Fjölbrotaskólans í Breiðholti. Hún rekur ásamt sjö öðrum listakönum Kirsuberjatræð, Vesturgötu 4. Sýningin er opin 13. til 28. september.

Sýningar

Dada – nýtt listagallerí

Í dag verður opnað nýtt listagallerí, Dada, í Reykjavík og er opnað með sölusýningu á verkum eftir 30 þekktu íslenska listamenn. Það er markmiðið hjá eigendum Dada að bjóða innlendum sem og erlendum gestum upp á úrval listaverka eftir bestu listamenn þjóðarinnar. Þeir sem eiga verk á sýningunni í dada eru meðal annars Ásgerður Búadóttir, Bryndís Jónsdóttir, Georg Guðni, Grétar Reynisson, Gunnar Örn, Helgi Þorgils Friðjónsson, Jón Axel, Kristján Davíðsson, Kristján Guðmundsson, Páll á Húsafelli, Ragnheiður Jónsdóttir, Steinunn Þórarinsdóttir og Þorvaldur Þorsteinsson.

Ráðstefna norrænna geðhjúkrunarfræðinga

Dagana 17-20. september hefst á Hótel Loftleiðum ráðstefna norrænna geðhjúkrunarfræðinga. Aðalefni ráðstefnunnar er þáttur geðhjúkrunarfræðinga í forvörn, meðferð og stuðningi við ungt fólk með geðræna erfiðleika og fjölskyldur þeirra.

Tvímennungur og söngvaka

Á vegum Félags eldri borgara í Reykjavík verður spilaður tvímennungur í bridge í Risinu í dag kl. 13. Í kvöld kl. 20.30 verður svo söngvaka og er stjórnandi Steinunn Finnbogadóttir.

Samkomur

ITC-deildin Íris

ITC-deildin Íris, Hafnarfirði, heldur fund kl. 20 í kvöld í Safnaðarheimili Þjóðkirkjunnar við Strandgötu.

Whiplas Ísland

Whiplas Ísland heldur sinn fyrsta fund að afloknu sumarfríi í kvöld kl. 20 í ÍSÍ-hótelinu, Laugardal. Gestur fundarins er Bergur Konráðsson kiropraktor.

ITC-deildin Kvistur

Fyrsti fundur vetrarins verður í kvöld kl. 20.

Sunnusalur á Hótel Sögu:

Tómas leikur eigin tónsmíðar

Á RúRek-hátíðinni verða tónleikar í kvöld í Sunnusalnum á Hótel Sögu þar sem flutt verða djasslög eftir Tómas R. Einarsson. Höfundurinn sjálfur og kvartett hans flytja. Lögin eru öll samín á síðustu árum, þau elstu frá 1995. Á liðnu ári fékk Tómas sex mánaða starfslaun úr Listasjóði til að semja og flytja eigin verk og var sú tónlist frumflutt í Jazzklúbbum Múlanum í mars síðastliðnum. Þessi lög Tómasar taka meira mið af kontrabassanum en flestar fyrri tónsmíðar hans.


Með Tómasi leika í kvöld Eypór Gunnarsson á píánó, Jakob Fischer á gítar og Gunnlaugur Briem á



trommur. Fischer er sérstakur gestur á hlómleikunum. Hann er þrítugur Dani sem hefur komið áður hingað til lands með hljómsveitum fjölmargra Svends Asmussens og bassaleikarans Jespers Lundgaards. Hann hefur á síðari árum verið einn eftirsóttasti djassleikari Dana og hljóðritað á plötur með fjölmörgum listamönnum, svo sem Asmussen, Lundgaard og Repoertory Quartett. Jakob Fischer er jafnvígur á rafmagnsgítar og kassagítar en að þessu sinni leikur hann einvörðungu á kassagítarinn.



Tómas R. Einarsson leikur eigin tónsmíðar í kvöld.



Smáskúrir norð-vestanlands

Í dag er spáð norðan- og norðaustanátt. Það verður stinningskaldi

Veðrið í dag

eða allhvasst norðan og austan til en kald í eða stinningskaldi suðvest-

anlands. Rigning austan til á landinu, smáskúrir norðvestanlands en skýjað með köflum suðvestan til. Hiti verður á bilinu 3 til 9 stig, kaldast allra nyrst en hlýjast um landið sunnanvert síðdegis.

Veðrið kl. 12 á hádegis í gær:

Akureyri	léttskýjað	6
Akurnes	skýjað	5
Bergsstaðir	léttskýjað	7
Bolungarvík	léttskýjað	6
Egilsstaðir	léttskýjað	6
Keflavíkurflugv.	skýjað	7
Kirkjubl.	skýjað	6
Raufarhöfn	léttskýjað	6
Reykjavík	skýjað	7
Stórhöfði	skýjað	6
Helsinki	skúr	14
Kaupmannah.	úrcoma	15
Ósló	í grennd	15
Stokkhólmur	skýjað	15
Þórshöfn	rigning	13
Faro/Algarve	rigning	7
Amsterdam	skýjað	25
Barcelona	léttskýjað	17
Chicago	alskýjað	22
Dublin	þokumóða	17
Frankfurt	hálfskýjað	16
Glasgow	skýjað	16
Hallfax	skúr	12
Hamborg	skýjað	18
Las Palmas	brumuveður	11
London	á síð. kls.	25
Lúxemborg	skýjað	17
Malaga	skýjað	15
Mallorca	alskýjað	26
Montreal	skýjað	18
Paris	skýjað	18
New York	hálfskýjað	19
Orlando	skýjað	24
Nuuk	rigning	3
Róm	alskýjað	23
Vín	skýjað	17
Washington		
Winnipeg	heiðskírt	8

Eftirlíkingar og draumur Jakobs

Sýning á verkum þriggja listamanna frá Sviss stendur yfir í Listasafni Íslands.

Listamennirnir sem sýna eru Thomas Huber og tvíeykið Peter Fischli og David Weiss.

Listamannatvíeykið Fischli og Weiss hafa sýnt um allan heim á

undanförunum árum og geta því með sönnu kallast alþjóðlegir listamenn.

Sýningar

Thomas Huber hefur, allt frá því að hann var valinn til að taka þátt í

Aperto-sýningunni á Feneyjartvíær-ingnum 1986, verið að vinna sér sess sem einn af áhugaverðustu listamönnum Evrópu. Hann hefur á undanförunum árum sýnt í öllum helstu sýningarsölum, bæði í Frakklandi og Þýskalandi.



Tvíburar Hrefnu og Sigurðar

Þessir myndarlegu tvíburar, sem eru drengur og stúlka, fæddust á fæðingardeild Landspítalans 8. september. Drengurinn fæddist kl. 4.27. Hann var 2615 grömm að þyngd og

47,6 sentímetra langur og stúlkan fæddist kl. 4.29 og var 2620 grömm að þyngd og 48,1 sentímetra löng. Foreldrar þeirra eru Hrefna Höskuldsdóttir og Sigurður Geirfinnsson. Þeir eiga tvö systkini, Díönu, sem er 10 ára, og Hafþór Inga sem er 5 ára.

Barn dagsins



Patricia Arquette leikur eitt aðalhlutverkið í Trufluð veröld.

Trufluð veröld

Laugarásbió sýnir nýjustu kvikmynd Davids Lynch, Trufluð veröld (Lost Highway). Myndin fjallar um venjulegt fólk í venjulegri borg sem gerir óvenjulega hluti við óvenjulegar aðstæður. Við kynnumst hjónunum Fred og Reese Madison sem fara að berast einkennileg myndbönd af þeim sjálfum sofandi í rúmum sínum. Skömmu síðar rekt Fred á djöfullega útlitandi mann sem virðist vita ýmislegt um hans mál. Það næsta sem gerist er að Fred er handtekinn fyrir morð á Reese, konu sinni. Fred veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið. Sönnunargögnin eru borðleggjandi og Fred er handjarnaður og settur í fangelsi.

Kvikmyndir

Næst þegar klefi hans er opnaður er Fred svo horfinn og í hans stað er kominn ungur maður að nafni Pete. Pete veit hins vegar ekkert hvernig hann lenti í fangaklefanum.

Í aðalhlutverkum eru Bill Pullman, Patricia Arquette, Balthazar Getty, Robert Blake, Gary Busey og Robert Loggia.

Nýjar myndir:

Háskólabíó: Skuggar fortíðar

Háskólabíó: When We Were Kings

Laugarásbió: Spawn

Kringlubíó: Addicted to Love

Saga-bíó: Face/Off


Bíóhöllin: Breakdown

Bíóborgin: Hefðarfrúin og umrenningurinn

Regnboginn: Spitfire-grillið

Stjörnubíó: Lífsháskí

Krossgátan



Lárétt: 1 tala, 5 brún, 8 átelur, 9 runur, 10 kvæði, 11 klaufar, 13 tíndi, 15 etja, 17 heimsku, 19 smábýli, 20 sjón.

Lóðrétt: 1 smásopi, 2 trufla, 3 kven-dýr, 4 hlæi, 5 friðsams, 6 vaxa, 7 lund, 11 ferill, 12 andstreymi, 14 þannig, 16 drunur, 18 umdæmisstarir.

Lausn á síðustu krossgátu:

Lárétt: 1 þögn, 5 eik, 8 ýr, 9 reiða, 10 ævi, 11 stuð, 12 pantur, 13 andi, 15 ræl, 17 sauður, 19 Grímur.

Lóðrétt: 1 þý, 2 örva, 3 grindur, 4 nestið, 5 eitur, 6 iður, 7 kaðall, 10 æpa, 14 nag, 16 æru, 17 sá, 18 um.